


Íssýnir - Icevisions

Ís - Birting guðlegs máttar, hetjuleg áskorun eða kaldur spegill sjálfsins? Er ísöld yfirvofandi á ný eða munu jöklar heimsins hverfa og menning okkar með þeim? Á öllum tímum hefur maðurinn haft vakandi auga með þessum kalda nágranna sínum og reynt að finna honum stað í heimsmynd sinni. Bókin ICEVISIONS – Íssýnir tengir saman vitsmunalegar og andlegar hliðar íssins við fegurð hans og sérkenni. Textabrotin endurspeglar upplifun manna af ís síðustu



2000 ár og eru á fjórum tungumálum, ensku, íslensku, þýsku og frönsku.

Sérstakar ljósmyndir eftir Klaus Kretzer eru sjónræn dæmi um hversu fjölbreytt að útliti og litskrúðugt náttúrufrýrbærnið ís getur verið.

Bókin er gefin út af Sjónarsker ehf. í Skaftafelli. Myndirnar í bókinni eru frá Jökulsárlóni, hún er 124 blaðsíður með harðri kápu og er til sölu í bókabúðum Eymundssonar eða beint frá útgefanda sem sendir hvert á land sem er.

Vinsamlegast sendið tölvupóst á [sjonarsker\(hj\)a@gmail.com](mailto:sjonarsker(hj)a@gmail.com)

– Aðalfundur Skaftfellingafélagsins –

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 19. maí 2011, kl. 20:30 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2010-2011

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Edda Sigurðís Oddsdóttir	588 0113	892 4503	edda@skogur.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@teknik.is

Varamenn

Hákon Jón Kristmundsson - Jón Geir Birgisson - Rúnar Þór Guðbrandsson

Héraðsritið **Skaftfellingur** hefur verið gefinn út í Austur-Skaftafellssýslu frá árinu 1978. Hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar eru til sölu 15 árgangar í setti á kr. 5.000, en 3. árg. er uppseldur. Upplýsingar í síma 470 8050.

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

2. tbl. mars 2011

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Aðalfundur Skaftfellingafélagsins**
fimmtudaginn
19. maí 2011
kl. 20:30

- **Söngfélagið og Hringur kór eldri borgara í Rangárpíngi**
Goðalandi í Fljótshlíð
9. apríl 2011, kl. 16

- **Vortónleikar Söngfélags Skaftfellinga**
Áskirkja
sunnudaginn
8. maí 2011, kl. 14

- **Heiðmerkudagur**
28. maí 2011

- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11

- **Sumarskálm í Aðalvík**
1.– 5. júlí 2011

- **Heimasíða**
www.skaft.is

Skaftfellingamessa

verður í Breiðholtskirkju
sunnudaginn 20. mars 2011
og hefst klukkan 14:00.

Sr. Einar Jónsson sóknarprestur á Kálfafellsstað predikar, og auk hans þjóna fyrir altari prestar Breiðholtskirkju þau sr. Gísli Jónasson sóknarprestur og sr. Bryndís Malla Elíadóttir auk sr. Fjalars Sigurjónssonar fv. prófests á Kálfafellsstað.

Söngfélag Skaftfellinga syngur við messuna undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar. Einsöngur Helena Marta Stefánsdóttir.



Að messu lokinni verður kaffisala Söngfélagsins í safnaðarheimili kirkjunnar.

Skálm

Á komandi sumri verður stefnan tekin á Hornstrandir. Upphafsverkefnið verður í Aðalvík, en hópnum hefur verið boðið að halda grunnbúðir að Sæbólí. Þetta er tíunda sumarganga Skálm, en þessi vaska sveit hefur eflst og vaxið jafnt og þétt í gegnum árin. Þjálfun fer fram allan ársins hring og er hvergi gefið eftir. Byrjað var að skálma fyrsta vetrardag 2001, en þá var gengið frá Nauthóli austur undir Fossvogsskóla og til baka.

Sumarskálm frá upphafi (2-5 daga göngur):

- 2002 – Heiðarsel á Síðu
- 2003 – Landmannalaugar - Álftavatn
- 2004 – Lambaskarðshólar - Þórsmörk
- 2005 – Stafafellsfjöll
- 2006 – Langisjór - Skaftárdalur
- 2007 – Mýrdalur
- 2008 – Skosku hálöndin
- 2009 – Hellismannaleið
- 2010 – Skaftárdalur - Skál



Uppgönguhryggur á Hellismannaleið 2009

Ljós. Hugrún Hannesdóttir

Heiðmerkurdagur

Laugardaginn 28. maí 2011, kl. 11 eru allir áhugasamir hvattir til að leggja hönd á plóg í „Skaftafelli“, reit Skaftfellinga-félagsins í Heiðmörk. Þar verður unnið að tiltekt og stígagerð. Í fyrrasumar, á afmælisári, voru gerðar skemmtilegar umbætur á reitnum, lagðir stígar, hlaðið grill og samkomuflötin vígð. Að loknum vinnudegi verður boðið upp á grillpýlsur og drykki.



Stefán Bjarnason frá Hoffi í lundinum 2010

Ljós. Guðni Olgeirsson

Suðurland – já takk

Landshlutasýningin „Suðurland já takk“ verður haldin í Ráðhúsinu í Reykjavík dagana 18. – 21. mars, en þar gefst fyrirtækjum og stofnunum kostur á að kynna starfsemi sína. Markaðsstofa Suðurlands, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Menningarsamningur Suðurlands standa fyrir sýningunni og er markmiðið fyrst og fremst að kynna framleiðslu og þjónustu á Suðurlandi. Sýningin á að höfða til fagaðila og neytenda sem kaupa og nýta sér framleiðslu og þjónustu af svæðinu. Söngfélag Skaftfellinga mun syngja nokkur lög eftir hádegi á laugardeginum.



Vortónleikar

Söngfélags Skaftfellinga verða haldnir í Áskirkju sunnudaginn 8. maí 2011 og hefjast kl. 14:00.

Á efnisskrá eru innlend og erlend sönglög.

Stjórnandi er Friðrik Vignir Stefánsson.

Píanóleikari Vignir Þór Stefánsson.

Að loknum tónleikum verður boðið til kaffisamsætis í Skaftfellingabúð.

Nánar auglýst á skaft.is þegar nær dregur.

Nú stendur yfir verkefnið „Skráning menningarminja í Örafum“

Að verkefninu standa Guðlaug M. Jakobsdóttir frá Skaftafelli og Halldóra Oddsdóttir Hoffi. Margar ritaðar heimildir eru til um búskaparhætti og lífið í Örafum og eru munir úr Örafum í vörslu Byggðasafnsins á Höfn í Hornafirði. Mikið er þó til af munum sem enn eru í eigu Örafinga sjálfra sem mikilvægt er að skrásetja, taka af myndir og fá upplýsingar um frá fólki sem enn hefur einhverja þekkingu á uppruna þeirra og notagildi. Lögð verður áhersla á að skrásetja hluti sem búnir voru til í sveitinni, ýmis áhöld og verkfæri sem notuð voru í búskap, matargerð, í sel- og lundaveiðar, fatnaður, hannyrðir og húsgögn. Aðstandendur verkefnisins hafa áhuga á að safna saman sem mestu af munnlegum og skriflegum heimildum um þá hluti sem til eru og sérstaklega endurminningar tengdar notkun þeirra og auglýsa hér með eftir slíkum heimildum frá brottfluttum Örafingum eða sveitabörnum. Endurminningar þurfa þó ekki að vera tengdar einstaka hlutum heldur eru allar frásagnir um líf og störf í Örafunum á árum áður vel þegnar í skriflegu eða munnlegu formi.

Verkefnið hóf göngu sína sumarið 2010 og hefur þó nokkuð verið skrásett af hlutum frá Hæðum í Skaftafelli, Efri-bæ á Fagurhólsmýri, Hnappavöllum og vinna er hafin við skrásetningu á Kvískerjum. Það hefur fengið styrk frá hollvinasamtökunum Vinir Vatnajökuls og sveitarfélaginu Hornafirði en það er einnig unnið með stuðningi og ráðgjöf frá Byggðasafninu á Höfn, Skaftfellingafélaginu, Vatnajökulsþjóðgarði og Reykjavíkúakademíunni. Að verkefni loknu er fyrirhugað að setja upp sýningu í Örafunum af afrakstri verkefnisins.

Öll aðstoð við verkefnið er vel þegin hvort sem um er að ræða ábendingar um muni eða sögu þeirra. Guðlaug M. Jakobsdóttir, sími 694 6919, netfang: [gullyjak\(hja\)gmail.com](mailto:gullyjak(hja)gmail.com) og Halldóra Oddsdóttir, sími 864 3067, netfang: [gunnih\(hja\)internet.is](mailto:gunnih(hja)internet.is)